

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Spakur Invest

2021

Markmið

Stefna Spaks Invest er sett fram með það markmið að skilgreina siðferðisleg viðmið fyrir fjárfestingar sjóðsins, lýsa hlutverki sjóðsins sem ábyrgur fjárfestir og skilgreina hvernig sjóðurinn mun framkvæma þá stefnu.

Ábyrgar fjárfestingar

Stefna sjóðsins er sú að þau fyrirtæki sem fjárfest er í uppfylli ekki einungis lög og reglur heldur sýni mælanlegan árangur og metnað þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð.

Við val fjárfestinga sjóðsins skal horfa til UFS þátta (e. ESG) við fjárfestingaákvörðanir en þeir eru:

- umhverfisviðmið,
- félagsleg viðmið og
- viðmið um góða stjórnarhætti.

Skal sjóðurinn stunda ábyrgar fjárfestingar þar sem hugað er að árangri í formi ávöxtunar og áhrifa á umhverfið, hagkerfið og samfélagið.

Framkvæmd og viðmið

Fjárfestingaferli Spaks Invest felur í sér að greina innra virði hlutabréfa og í framhaldi að fjárfesta í virðisfyrirtækjum sem vegna undirliggjandi reksturs eru metin undirverðlögð. Eitt af meginverkefnum þeirrar greiningarvinnu sem Spakur Invest framkvæmir er að skilgreina og velja úr þau fyrirtæki sem huga að sjálfbærni, góðum stjórnarháttum og sýna samfélagslega ábyrgð. Sú samfélagslega ábyrgð lýsir sér í áherslu við að viðhalda gæðum náttúrunnar og virðingu fyrir mannréttindum út um allan heim.

Spakur Invest fjárfestir í fyrirtækjum sem samkvæmt opinberum upplýsingum huga að og virða mannauð fyrirtækisins, hvetja til menntunar og fylgja í hvíventa gildandi lögum um mannréttindi og jafna stöðu fólks hvort sem um er að ræða starfsmenn, stjórnendur, eigendur eða yfirstjórn.

Spakur Invest fjárfestir í fyrirtækjum sem gæta að og byggja upp gæði náttúrunnar svo að starfsemi fyrirtækisins hafi ekki neikvæð áhrif á auðlindir jarðarinnar og skerði ekki möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Hér nær greiningarvinna Spaks Invest einnig til birgja þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í.

Spakur Invest fjárfestir eingöngu í skráðum félögum á Íslandi, Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem krafa um upplýsingagjöf til hluthafa, yfirvalda og annara hagsmunaaðila er rík. Þau félög eru þó sum hver alþjóðleg og því munu starfsmenn Spaks Invest leggja mikla áherslu á að greina virðisikeðju þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í umfram starfsemi þeirra í ofangreindum löndum.

Ábyrgð og birting

Framkvæmdastjóri Spaks Invest ber ábyrgð á framkvæmd þessarar stefnu. Skal stefnan vera aðgengileg á vef sjóðsins.